



Borgarráð

### ***Skipan nefndar til að rýna ráðningar Reykjavíkurborgar***

Lagt er til að borgarráð samþykki að skipa þriggja manna nefnd til að rýna ráðningar á vegum sviða og starfsstaða Reykjavíkurborgar og fylgja eftir tímabundnum ráðningarreglum. Nefndin fundi vikulega og afgreiði umsóknir um ráðningar frá sviðum og miðlægum skrifstofum. Nefndin gefi út leiðbeiningar sem stuðli að gagnsærri og skilvirkri framkvæmd.

#### **Greinargerð:**

Markmiðið með skipan ráðninganefndarinnar er að auka enn frekar yfirsýn Reykjavíkurborgar með ráðningum og aðhald með ráðningum í störf þar sem við á, í því skyni að draga úr launakostnaði.

Ekki verði ráðið í laus störf þar sem því verður við komið. Í því skyni verði allar ákvarðanir um ráðningar í laus störf frá og með 1. október 2023 bornar undir ráðninganefnd. Þetta fyrirkomulag gildir til 31. desember 2024. Drög að erindisbréfi ráðninganefndar, uppfærðum ráðningareglum ásamt leiðbeiningum verða lögð fyrir borgarráð.

Dagur B. Eggertsson

borgarstjóri